

**Fundur haldinn í stjórn Hjúkrunar-og dvalarheimilisins Naust
föstudaginn 6. maí 2011 kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

DAGSKRÁ:

Mætt voru: Ásta Laufey Þórarinsdóttir, Ragnhildur Karlsdóttir
Langanesbyggð, Linda Björnsdóttir, Gunnólfur Lárusson
framkvæmdarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá.

1. Þriggja mánaðar uppgjör.

Niðurstaða þriggja mánaðar launakostnaður er hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir en fyrir því liggja nokkrar ástæður. Reksturinn er nú í heildina ca. – 1.000.000 frá fjárhagsáætlun.

2. Starfsmannamál .

Búið er að ráða í eldhúsið jafnframt því er búið að minnka starfshlutfall í eldhúsi um 40% . Ræstingar eru nú hjá þeim sem sjá um aðhlyningu og sparast það 60% starf. Búið er að gera starfs- og vaktlýsingar. Verið er verið að leita allra leiða að hagræða í rekstri og gengur það vel. Ekkert hefur gengið að fá fólk í heimilishjálp.

3. Önnur mál.

Mikil umræða fór um að einfalda þarf ferlið á milli forstöðumanns, bókara og launafulltrúa þannig að öll vinna við það verði markvissari og að öll gögn varðandi bókhald verði klár 20. hvers mánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.13:35